

## Við verðum miklu sterkari saman

– Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri  
Djúpavogshrepps, í forsíðuviðtali

Birgir Björn Sigurjónsson  
fyrirverandi fjármálastjóri  
Reykjavíkurborgar:

**Lexíurnar sem við  
lærðum af hruninu**

**Heimsmarkmiðin,  
loftslagsmál og  
sveitarfélögin**





# Við verðum miklu sterkari saman

Garðar H. Guðjónsson blaðamaður ræðir við Gauta Jóhannesson, sveitarstjóra á Djúpvogi, um áföllin, uppganginn, sameiningu sveitarfélaga, Cittaslow og verndarsvæðið við veginn.





*Það var mikið áfall þegar sjávarútvegsfyrirtækið Vísir frá Grindavík ákvað að flytja alla starfsemi sína á Djúpavogi heim til Grindavíkur og tók með sér 90 prósent af kvótanum í sveitarfélaginu. Nú fjórum árum síðar eru íbúar Djúpavogshrepps orðnir fleiri en þeir voru áður en Vísir fór.*

Ég horfi björtum augum til framtíðarinnar fyrir hönd Djúpavogshrepps og íbúanna hér í sveitarfélaginu. Við urðum fyrir miklu áfalli árið 2015 þegar Vísir flutti starfsemi sína til Grindavíkur og tók með sér um það bil 90 prósent af fiskveiðikvótanum hér í þorpinu en við höfum náð vopnum okkar og stöndum raunar sterkari eftir. Nú erum við orðin fleiri en áður en Vísir fór og atvinnulífið stendur traustari fótum hér á svæðinu. Við stöndum frammi fyrir spennandi áskorunum og tækifærum á mörgum sviðum, svo sem í samgöngumálum og skipulagsmálum, og svo má ekki gleyma að nú stýttist í kosningu um hugsanlega sameiningu við sveitarfélögin hér fyrir norðan okkur. Mér þykir líklegt að meirihluti íbúa muni samþykkja hana, enda er ég eindregið þeirrar skoðunar að sameining muni efla byggðirnar hér fyrir austan. Við verðum miklu sterkari saman.

Þetta segir Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, í samtali við Sveitarstjórnarmál. Hann hefur sterka sannfæringu fyrir því að fyrirhuguð sameining hreppsins við Fljótisdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstað og Borgarfjarðarhrepp verði íbúum

sveitarfélaganna til farsældar. Á það reynir í íbúakosningu 26. október næstkomandi hvort af sameiningu verður.

### Erfiðir tímar

Gauti tók við starfi sveitarstjóra Djúpavogshrepps árið 2010. Þá voru erfiðir tímar á Djúpavogi eins og hjá flestum eða öllum öðrum sveitarfélögum á Íslandi í kjölfar efnahagshrunsins. Áhrifa þess gætir í raun enn.



*Granítegg Sigurðar Guðmundssonar listamanns í Gleðivík hafa mikið aðdráttarafli og eru mikið skoðuð en Sigurður á hús og dvelur hluta úr árinu á Djúpavogi.*

„Fyrstu ár mín í starfi og raunar allt fram undir það síðasta einkenndust af því að sveitarfélagið var fjárhagslega í mjög þröngri stöðu. Við áttum fullt í fangi með að standa við skuldbindingar okkar og höfum haldið að okkur höndum með hvers kyns framkvæmdir. Það var bara eins og hjá flestum öðrum. Verkefnið hefur verið að forgangsraða, greiða niður skuldir og standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins, sérstaklega það sem snýr að skólanum og leikskólanum. Við lögðum áherslu á að standa vörð um það sem sneri að börnum og barnafjölskyldunum og það tókst. Við höfum átt því láni að fagna að hlutfall barna af íbúum sveitarfélagsins er mjög hátt, með því hæsta sem þekktist hér á landi, og höfum alla tíð lagt áherslu á að tryggja góða þjónustu við börn,“ segir Gauti.

Hann bendir á að þótt fjárhagur sveitarfélagsins hafi nú lagast mikið hefur samdrátturinn undanfarin ár orðið til þess að fyrir hendi er mikil uppsöfnuð þörf í fjárfestingum og viðhaldi.

„Við erum að reisa viðbyggingu við skólann og stöndum frammi fyrir miklum kostnaði vegna fráveitu eins og mörg önnur sveitarfélög. Við urðum að láta þetta sitja á hakanum þegar hart var í ári en nú verðum við að reyna að vinna þetta upp,“ bætir hann við.



## Gauti sveitarstjóri

Gauti er fæddur á Höfn í Hornafirði 7. mars 1964 og er næstingstur af sjö systkinum. Gauti er að mestu leyti alinn upp í höfuðborginni og bjó þar allt til 1986 þegar hann og Berglind Einarsdóttir voru ráðin sem leiðbeinendur við grunnskólann í Staðarborg í Breiðdal. Eftir það var ekki aftur snúið og unga parið ákvað að í Reykjavík vildu þau helst ekki búa meir.

Eftir að hafa lokið háskólanámi fluttu þau við fyrsta tækifæri í Gaulverjabæjarhreppi í Flóa þar sem Gauti var skólastjóri 1994-2001 og Berglind kenndi við Tónlistarskóla Árnesinga. Árið 2001 fluttu þau svo á Djúpavog þar sem Gauti var skólastjóri til 2004 þegar hann var ráðinn til Sjóvíkur sem síðar varð hluti af Icelandic Group. Það starf hafði það meðal annars í för með sér að fjölskyldan bjó í Kína 2006-2007. Því starfi sinnti hann til ársins 2009 þegar hann kom til baka á Djúpavog, réði sig sem kennara í skólanum sem hann áður stjórnaði og varð svo sveitarstjóri 2010 og hefur sinnt því starfi síðan.

Berglind kona hans starfaði sem aðstoðarskólastjóri við Grunnskólann á Djúpavogi til 2016 en hefur síðan rekið lítið ferðapjónustufyrirtæki frá heimili þeirra á Hlauphólum í Hamarsfirði. Þau eiga tvö börn, Gretti sem er stjórn málafræðingur og sölu- og verkefnastjóri vefmiðilsins Kjarnans og Auði sem leggur stund á læknisfræði í Slóvakíu. Aðaláhugamál Gauta eru veiðiskapur, útivera og samfélagsmál.

### Áfall í miðjum lífróðri

Í miðjum lífróðrinum eftir hrun reið annað áfall yfir sveitarfélagið. Sjávarútvegsfyrirtækið Vísir frá Grindavík ákvað að flytja alla starfsemi sína á Djúpavogi heim til Grindavíkur og með því fór 90 prósent kvótans í sveitarfélaginu.

„Það var vissulega mikið högg þegar þetta gerðist. Fyrirtækinu og kvótanum fylgdi fjöldi starfsmanna til Grindavíkur en þeir höfðu flestir verið útsvarsgreiðendur hjá okkur. Íbúum fækkaði við þetta úr um 470 í 420 og það er hlutfallslega ansi mikið. Við urðum að bregðast hratt og vel við þessu og tókum þá ákvörðun að sókn væri besta vörnin. Við reyndum frá fyrsta degi að bera okkur vel og litum á þetta sem viðfangsefni sem við yrðum að takast á við. Það kom aldrei til greina að festast í hlutverki fórnarlambins,“ rifjar Gauti upp.

Nú, fjórum árum síðar, eru íbúar Djúpavogshrepps orðnir fleiri en þeir voru áður en Vísir fór. Verulegur uppgangur hefur verið í atvinnulífi á svæðinu og segir Gauti ástæður þess ekki síst uppbyggingu öflugr fiskeldis í Berufirði og verulega fjölgun ferðamanna.

„Við getum þakkað fiskeldinu stóran hluta þessa mikla viðsnúnings. Þar hefur skapað fjöldi starfa og laðað til okkar fólk. Meðal annars er um að ræða sérhæfð störf sem krefjast háskólamenntunar. Nú hefur til dæmis verið auglýst eftir verkstjóra og gæðastjóra og krafist er háskólamenntunar vegna starfs gæðastjóra. Við höfum auk þess fengið byggðakvóta eftir brotthvarf Vísis svo nú hafa skapað jafnvel fleiri störf en voru hjá þeim og meira hráefni kemur til vinnslu í Búlandstindi en í tíð Vísis.

Þetta hefur meðal annars gert það að verkum að hingað hefur flutt fólk sem ekki

”

Við urðum að bregðast hratt og vel við og tókum þá ákvörðun að sókn væri besta vörnin. Við reyndum frá fyrsta degi að bera okkur vel og litum á þetta sem viðfangsefni sem við yrðum að takast á við. Það kom aldrei til greina að festast í hlutverki fórnarlambins.

á rætur að rekja hingað en einnig hitt að fólk sem farið hafði annað hefur skilað sér aftur heim. Það er hins vegar líðin tíð að það sé nóg að geta útvegað störf til að fólk flytji til sveitarfélagsins. Staðan

er þannig víðast hvar að fólk getur fundið störf við hæfi. Það þarf meira að koma til og aðrir hlutir fara að skipta máli. Djúpvogur virðist hafa sterkt aðdráttarafl, ekki síst fyrir ungt fólk, og það er mjög ánægjulegt. Ég býst við að þetta skýrist af því góða samfélagi sem hér er, góðri þjónustu og fallegu umhverfi.“

## Uppgangur í ferðapjónustu

Hins vegar skýrist uppgangur á Djúpavogi af því að ferðamönnum hefur fjölgað verulega. Gistirými hefur aukist talsvert á síðustu árum og það hefur mikil ruðningsáhrif á veitingapjónustu og verslun. Gauti segir að ferðamannatímabilið hafi jafnframt verið að lengjast í báða enda.

„Við erum náttúrulega vel í sveit sett gagnvart ferðafólki. Djúpvogur og nágrenni eru ákjósanlegur áningarstaður því nokkuð langt er í næstu þéttbýlisstaði. Svo hefur svæðið margvíslegt aðdráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn. Þess má geta að hingað komu 35 skemmtiferðaskip í sumar og það er heilmikil búbot fyrir ekki stærri bæ.“

Granítegg Sigurðar Guðmundssonar listamanns í Gleðivík eru mikið skoðuð en hann á hér hús og dvelur hluta úr árinu. Gönguferðir um héraðið eru mjög vinsælar og hefur ferðafólk ekki síst ánægju af að ganga um hinar svörtu sandstrendur sem hér eru. Svo er vinsælt að koma hingað til fuglaskoðunar.

Enn mætti nefna uppbygginguna á Teigarhorni sem sveitarfélagið hefur staðið fyrir. Teigarhorn er friðlýst náttúruvætti og stærsti fundarstaður zeólíta í heiminum svo þar er mikið aðdráttarafl. Jörðin er í eigu ríkisins en við erum með samning um rekstur staðarins, landvörslu og fleira. Við stýrum umferð mjög markvisst inn á svæðið þannig að innviðirnir, göngustígar og þess háttar, ráði við fjöldann. Við höfum svo mörg víti til að varast í þessum efnum og leggjum áherslu á að byggja upp innviðina þannig að þeir ráði við þann fjölda sem kemur. Svæðið er opið og hefur verið það í mörg ár en við höfum til



„Auðvitað leggjja smærri sveitarfélög sig fram um að veita eins góða þjónustu og unnt er,“ segir Gauti, „en við eigum erfitt með að verða sérfræðingar á einhverjum tilteknum sviðum.“

dæmis markaðssetningu með tilliti til þess að innviðir haldi og náttúran verði ekki fyrir tjóni,“ segir Gauti.

## Kosið um sameiningu

Skammt hefur verið stórra högga á milli síðan Gauti gerðist sveitarstjóri Djúpavogshrepps. Auk þess sem talið er að framan styttest nú óðum í að kosið verði um sameiningu fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðarfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps. Íbúakosning fer fram 26. október næstkomandi og segist Gauti frekar eiga von á að sameining verði samþykkt. Hann er alla vega ekki í vafa um hvernig hann kýs. Það verður afdráttarlaust já.

„Ég hef til margra ára verið því fylgjandi og verið talsmaður þess að sveitarfélög

”


**Vissulega hræða sporin dálítið og maður heyrir að fólk óttast að við hér á jaðri væntanlegs sveitarfélags verðum með einhverjum hætti afskipt.**

skoði möguleika á að sameinast frekar. Ég trúi því að þannig verði þau öflugri og betur í stakk búin til að standa undir þeirri þjónustu sem vænst er af þeim,“ segir hann.

Hann hefur helgað sig þessari hugsjón til margra ára og átti sæti í samstarfsnefnd sveitarfélaganna fjögurra sem hefur lagt drög að sameiningunni. Sveitarfélögin fjögur eiga þegar samstarf um ýmsa þjónustu, svo sem félagsþjónustu, brunavarnir og skólamála. Gauti bendir á að smá sveitarfélög hafi minni burði til sérhæfingar á ýmsum sviðum en þau stærri og að með sameiningu verði hægt að auka sérhæfða þjónustu við íbúa.

„Auðvitað leggjja smærri sveitarfélög sig fram um að veita eins góða þjónustu og unnt er en við eigum erfitt með að verða sérfræðingar á einhverjum tilteknum sviðum. Þetta myndi breytast með sameiningu.“

Mín upplifun er sú að íbúar hér séu frekar hlynntir sameiningu. Vissulega hræða sporin dálítið og maður heyrir að fólk óttast að við hér á jaðri væntanlegs sveitarfélags verðum með einhverjum hætti afskipt. Það er víða þannig í fjölkjarnasveitarfélögum að fólk í jaðarsveitarfélögum finnst það vera afskipt, með réttu eða röngu. Mín




Staða  
**96,509,432 kr**

Áætlun  
**92,494,000 kr**

Staða mism %  
**104%**

Staða á móti Áætlun  
**96,509,432 kr!**  
Goal: 92,494,000 kr (-4.34%)



Stig 1	Staða	Áætlun	Staða mism %
<input checked="" type="checkbox"/> 2100 - Sameiginlegur kostnaður	96,509,432 kr	92,494,000 kr	104%
21010 - Bæjarstjórn	8,832,272 kr	8,623,000 kr	102%
21020 - Bæjarráð	4,253,025 kr	4,391,000 kr	97%
21110 - Sveitarstjórnarkosningar	1,479,268 kr	1,503,000 kr	98%
21150 - Alþingis- og forsetakosningar	0 kr	0 kr	NaN
21400 - Bæjarskrifstofa	75,443,470 kr	77,669,000 kr	97%
21600 - Starfsmannakostnaður	6,501,397 kr	308,000 kr	2111%
<b>Total</b>	<b>96,509,432 kr</b>	<b>92,494,000 kr</b>	<b>104%</b>

Stig 3	Staða	Áætlun	Staða mism %
<input checked="" type="checkbox"/> L-05 - Laun og starfsmannakostnaður	96,509,432 kr	92,494,000 kr	104%
L-05-1 - Laun	70,647,633 kr	74,388,000 kr	95%
L-05-2 - Launatengd gjöld	16,720,046 kr	15,354,000 kr	109%
L-05-3 - Launaígildi			126%
L-05-4 - Launaskuldbindi			1889%
L-05-5 - Starfsmannakostnaður			142%
<b>Total</b>			<b>104%</b>



# Power BI innri greining sveitarfélaga

Þjóðum upp á tilbúnar skýrslur fyrir stjórnendur sveitarfélaga. Power BI stjórnborð auðveldar yfirsýn stjórnenda með samanburði á rekstri og fjárfestingum við áætlun.

Stjórnendaupplýsingar settar fram á aðgengilegan hátt og tengjast beint við NAV, Business Central og eða teninga. Hægt er nálgast upplýsingarnar í gegnum vafra, hvar sem er, hvenær sem er.



## ENN FLEIRI TÆKI FÆRI Í STAÐBUNDINNI MATARMENNINGU



tillfinning er þó sú að þeir sem hafa verið andvígir sameiningu af þessu tagi kenni henni svo um allt sem aflaga fer. Ef bankaútibúinu er lokað er það sameiningunni að kenna. Ef breytingar verða á verslun er það sameiningunni að kenna. Jafnvel þótt hér sé um að ræða atburði sem hefðu orðið alveg óháð sameiningu. Í þessum tilvikum hefur úrtölufólk kannski verið að gefa sér möguleika sem ekki hefðu verið fyrir hendi," segir Gauti.

### Heimastjórn

Í tillögum samstarfsnefndarinnar sem kynntar voru síðastliðið vor er gert ráð fyrir að í hverjum byggðakjarna hins nýja sveitarfélags verði heimastjórn. Hún verði skipuð tveimur fulltrúum sem íbúar kjósa og einum fulltrúa sem sveitarstjórn tilnefnir.

„Þetta er nýmæli hér á landi og er gert til að tryggja að heimamenn á hverjum stað hafi talsvert að segja um staðbundin máli, svo sem skipulagsmál og fleira. Auk þess er gert ráð fyrir að í hverjum byggðakjarna verði fulltrúi sveitarstjóra sem íbúar geta leitað beint til í sinni byggð. Þannig mun sveitarstjórn hafa skrifstofu í öllum kjörnum. Þetta er líka nýmæli í sameiningarmálum hér á landi,“ segir Gauti.

Hann segir samstarfsnefndina hafa kappkostað að upplýsa íbúa vel um gang mála. Markmið hennar hafi frá upphafi verið að íbúar geti tekið upplýsta ákvörðun þegar gengið verður til kosninga.

„Við höfum haldið úti heimasíðunni svausturland.is og þar er að finna allar fundargerðir samstarfsnefndarinnar. Síðan verða haldnir opnir íbúafundir á hverjum stað nú í byrjun október. Okkur finnst ákaflega mikilvægt að íbúar geti tekið vel upplýsta ákvörðun um svo mikilvægt mál,“ bætir hann við.

Verði sameining samþykkt verður ný 11 manna sveitarstjórn kosin næsta vor og situr til sveitarstjórnarkosninga 2022. Samstarfsnefndin hefur notað vinnuheimið Sveitarfélagið Austurland í undirbúningsvinnunni en Gauti segir að það sé seinni tíma mál að finna nýju sveitarfélagi nafn.

### Sterk staða

Gauti telur að fjárhagsleg staða sveitarfélaganna fjögurra auki líkur á að sameining þeirra geti heppnast vel.

„Sveitarfélögin fjögur standa nú betur fjárhagslega en þau hafa gert undanfarinn áratug. Það mælir í mínum huga með sameiningu þótt sumir segi að góð fjárhagsstaða geri það að verkum að þeir sjái sér ekki hag í sameiningu. Ég vil snúa þessu við. Einmitt núna getum við öll gengið til sameiningar þokkalega bein í baki í ljósi sterkrar fjárhagsstöðu. Sameining á ekki að standa og falla með því að sveitarfélögin séu nánast á hjánum og neyðist til að ganga til sameiningar af þeim sökum. Öll nálgun við sameiningu verður önnur þegar staðan er eins og raun ber vitni. Samstarfsnefndin mat rekstrarhæfi nýs sveitarfélags með ágætum og geta okkar til fjárfestinga hefur aukist. Heildarmyndin lítur því vel út og framtíðarsýn okkar er sú að við verðum sterkari saman.

Mörg minni sveitarfélög eru í þeirri stöðu að sjálfstæði þeirra stendur og fellur með því að nágrannasveitarfélög eru tilbúin til að veita þeim ákveðna þjónustu sem þau

standa ella ekki undir sjálf. Sveitarfélögin hér á svæðinu eiga gott samstarf á ýmsum sviðum en mín skoðun er sú að nú sé tíminn til að taka skrefið til fulls og gera þetta saman undir einum fána.“

### Úrbætur í samgöngumálum

Gauti segir að það vinni með hugmyndum um sameiningu að langt



er milli byggðakjarna og því komi til dæmis ekki til greina að leggja af skólalald á Djúpavogi eða annars staðar í nýju sveitarfélagi. Að sama skapi eru samgöngubætur þó eitt helsta hagsmunamál íbúa í Djúpavogshreppi. Þar ber langhæst að lagður verði heilsársvegur yfir Öxi og upp á Hérað. Gauti er vongóður um að það gangi eftir innan fárra ára.

„Heilsársvegur yfir Öxi er mesta stytting sem í boði er á hringvegnum, alls um 70 km.

Þetta yrði eitt af forgangsmálum nýs sveitarfélags og yrði íbúum hér og raunar öllum vegfarendum til mikils hagræðis auk þess að minnka verulega kolefnisfótspor þeirra sem fara hér um.

Sameining sveitarfélaganna mun tvímælalaust greiða fyrir þessari framkvæmd og eftir heimsókn samgönguráðherra hingað nýverið bind ég vonir við að unnt verði að fara





*Búlandstindur er bæjarfjall Djúpavogshrepps en verði af sameiningu sveitarfélaga þá verður fjallið innan sveitarfélags sem nú hefur vinnuheimið Sveitarfélagið Austurland.*

Í útboð jafnvel strax á næsta ári. Þetta verður vonandi komið í samgönguáætlun þingsins strax í haust.

Við sækjum margvíslega þjónustu til Egilsstaða og stytting leiðarinnar skiptir okkur því verulegu máli. Þegar skoðaðar eru umferðartölur yfir háannatímamann sjá menn hve stór hluti vegfarenda kýs að fara þennan hlykkjóttu og bratta malarveg sem nú liggur yfir Öxi. Þá geta menn ímyndað sér hver notkunin verður á nýjum heilsársvegi,“ segir Gauti og bætir við að allar samgöngubætur á svæðinu skipti íbúa og vegfarendur miklu máli.

„Bara nýverið var lokið við að leggja bundið slitlag á þjóðveg 1 þegar malbikaðir voru nokkrir kílómetrar í Berufirðinum. Það er ekki bara okkar einkamál heldur framfaraspor fyrir alla vegfarendur. Vegurinn fyrir botn Berufjarðar var vægast sagt alveg skelfilegur.“

### Verndarsvæðið við voginn

Það hefur vakið eftirtekt víða um land hve mikla áherslu Djúpavogshreppur

hefur lagt á endurgerð gömlu húsanna á Djúpavogi til margra ára. Gauti segist afar stoltur af því hvernig til hefur tekist og ekki síður af því að Djúpavogur varð fyrstur íslenskra bæja til að verða verndarsvæði í byggð. Djúpavogshreppur hefur jafnframt þá sérstöðu meðal íslenskra sveitarfélaga að hann er aðili að Cittaslow, alþjóðlegum samtökum sveitarfélaga sem leggja áherslu á velferð íbúanna og það að leggja rækt við og vernda hið staðbundna. Sú hugmyndafræði liggur að baki öllum ákvörðunum sveitarstjórnar, að sögn Gauta.

„Það var stór áfangi fyrir okkur þegar mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti í október 2017 að verndarsvæðið við voginn yrði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins en það nær til miðbæjarinnar á Djúpavogi. Í þessu felst mikil viðurkenning á varðveislugildi svæðisins í ljósi náttúru, sögu og umhverfis. Það er rétt að við höfum lagt áherslu á endurgerð gamalla húsa og höfum notið mikils stuðnings Minjastofnunar í því verkefni. Hér má nefna hina fornu Löngubúð sem byggð

var 1790 hér í miðjum bænum. Þar er nú veitingastaður og safn. Faktorshúsið er í endurbyggingu og við eigum því láni að fagna að skrifstofur sveitarfélagsins eru til húsa í Geysi, endurbyggðu húsi sem byggt var árið 1900. Þá höfum við eignast gömlu kirkjuna og erum að endurbyggja hana. Það er óráðið hvaða starfsemi verður í henni en við höfum lagt áherslu á að koma á virkri starfsemi í þessum húsum,“ undirstrikar Gauti.

### Breytir bæjarbragnum

Hann bendir á að endurgerð gömlu húsanna hefur breytt ásýnd bæjarinnar og bæjarbragnum og lýsir þeirri skoðun sinni að sveitarfélög eigi að ganga á undan með góðu fordæmi við umsjón og viðhald húsa á þeirra vegum.

„Þessi gömlu hús eru í eigu bæjarinnar og við sýnum þeim einfaldlega þá virðingu sem þau eiga skilið. Þetta hefur kostað talsverða fjármuni en með góðum stuðningi Minjastofnunar hefur okkur tekist þetta og að mínu mati og íbúanna hérna hefur tekist vel til. Að okkar mati er það vel þess virði að leggja í kostnað við



Gauti ásamt Guðnýju Sverrisdóttur, formanni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og Svanfríði Ingu Jónasdóttur, fv. bæjarstjóra í Dalvíkurbyggð. Myndin var tekin á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2018.

verkefni sem þetta. Hér hefur í gegnum árin skapast mikil þekking og kunnátta í endurgerð húsa og vonandi getur hún nýst öðrum sem eru í svipuðum hugleiðingum. Við þekkjum líka mjög vel gömlu húsin hér í byggðinni og gildi þeirra því hér var gerð húsakönnun árið 2014 sem fólst í því að skrá öllu gömlu húsin hér í byggðinni, mynda þau og teikna upp.

Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá íbúum. Þeir líta á gömlu húsin sem sína sameign og hluta af sögu byggðarinnar," segir Gauti.

## Cittaslow

Djúpavogshreppur er sem fyrr segir eina íslenska sveitarfélagið sem er aðili að Cittaslow, alþjóðlegum samtökum sem stofnuð voru 1999 að frumkvæði fjögurra bæjarstjóra á Ítalíu. Samtökin eiga rætur að rekja til „Slow food“ hreyfingarinnar en hugmyndafræði þeirra er mun víðtækari nú. Djúpavogshreppur gerðist aðili árið 2014.

„Við kynntumst þessari hugmyndafræði fyrir mörgum árum og fannst hún henta okkur. Hún byggist á því að leggja rækt við og vernda hið staðbundna á hverjum stað með áherslu á sögu, náttúru, menningu og framleiðslu í héraði. Þessi hugmyndafræði beinist á vissan hátt gegn hnattvæðingunni og leggur áherslu á að

við höldum upp á sérstöðu okkar fremur en að leitast við að vera eins og allir aðrir.

Cittaslow gengur út frá því að allar ákvarðanir sveitarstjórnar eigi fyrst og fremst að vera til hagsbóta fyrir íbúana. Íbúarnir eru alltaf í fyrsta sæti. Gestir eru alltaf velkomnir en aðild að Cittaslow leggur okkur í sveitarstjórn þær skyldur á herðar að miða allar ákvarðanir við hagsmuni íbúanna.

## Lífsgæði íbúanna í fyrirrúmi

Þessi hugmyndafræði er meðal annars höfð til hliðsjónar í deiliskipulagsvinnu

sem nú stendur yfir fyrir miðbæ Djúpavogs. Við gerð skipulagsins er miðað við ákveðnar reglur Cittaslow sem nauðsynlegt sé að taka tillit til við deiliskipulagsgerðina, svo sem að við uppbyggingu í þéttbýli skuli leggja áherslu á að skapa sjálfbært og mannvænt umhverfi, fjölbreytilega ferðamáta, tengingu við náttúru og virðingu fyrir sögu og menningarminum.

„Deiliskipulagsvinnan miðar meðal annars að því að reyna að takmarka bílaumferð í miðbænum. Það er ein leið til að mæta þessum markmiðum Cittaslow og öðrum markmiðum sem við vinnum eftir, svo sem um öryggi íbúa. Við viljum gjarnan að börnin hér geti gengið óhult um bæinn. Það eru samhlíða uppi hugmyndir um að ræða við Vegagerðina um að breyta aðkomunni í bæinn af þjóðvegi 1 til að draga úr umferð um miðbæinn þannig að þeir sem ætla ekki að staldra við á Djúpavogi geti bara haldið ferð sinni áfram án þess að keyra í gegnum bæinn. Nú fer mikil umferð í gegnum miðbæinn og það dregur úr lífsgæðum og öryggi íbúanna. Við viljum sporna við því. Okkar sýn er sú að þar sem fólk líður vel og hugað er vel að þörfum heimamanna, þar er gott að vera og þangað er gott að koma. Við tökum vel á móti ferðamönnum og öðrum gestum en það getur aldrei orðið á kostnað lífsgæða fólksins í bænum,“ segir Gauti.



Margir listamenn sækja innblástur til Djúpavogs. Myndin er frá sýningunni Rúllandi snjóbolti sem fór fram dagana 13. júlí-8. ágúst í sumar.